

## FRÁ SKATTAHÓPI

Í vetur starfaði skattahópur innan Rauðsokkahreyfingarinnar. Aðalverkefni hans var að fjalla um hið svokallaða skattalagafrumvarp, sem lagt var fyrir alþingi í vetur. Í janúar kom endurskoðandi í heimsókn og kynnti frumvarpið og kom með nokkur skýringardæmi á almennum fundi í hreyfingunni. Eftir það tók starfshópurinn til starfa af fullum krafti, en heldur léleg þátttaka var í störfum hans. Virkir þátttakendur voru þrír, Herdís Helgadóttir, Helga Sigurjónsdóttir og undirrituð. Vegna fæðar okkar ákváðum við að ræða tillögur okkar að umsögn um skattafrumvarpið á boðuðum fundi og var það gert, bæði 1. og 3. febr. Voru tillögur okkar ræddar og samþykktar. Hinn 9. febr. sá umsögn okkar dagsins ljós og létum við fjölrita 100 eintök, sem við sendum hverjum alþingismanni og Fjárhags- og viðskipta- deild alþingis. Einnig var umsögnin send til fjölmiðla, dagblaða og landshlutablaða svo og ýmsum félagasamtökum, s.s. Kvenréttinda- félaginu, Kvenfélagasambandi Íslands, Jafnréttisráði og Félagi einstæðra foreldra. Umsögninni voru gerð góð skil í fjölmiðlum.

Aðal baráttumál okkar í skattahópi er sérsköttun hjóna, þ.e. að hver fulltíða maður greiði skatta af sínum tekjum og eignum og njóti þeirra réttinda, sem þeirri skyldu fylgir, óháð hjúskapar- stöðu.

Skattafrumvarpið var ekki afgreitt á þessu þingi, svo baráttunni er ekki lokið. Skv. ummælum nefndarmanna í Fjárhags- og viðskipta- deild, höfum við ástæðu til að ætla, að hinar fjölmörgu áskoranir kvenna um sérsköttun hjóna nái ekki fram að ganga. Það er athyglisvert íhugunarefni, að þingmenn skuli hundsá svo mikinn áróður og samstöðu kvenna úr öllum starfstéttum og stjórnmála- flokkum varðandi sérsköttun hjóna, en eftir fréttum úr fjölmiðlum,

.....frh.

frh.

af fundahöldum og persónulegum umræðum að dæma, ríkir svo til  
algjör samstaða með konum varðandi þessi mál.

Reykjavík 19.maí 1977.

f.h. Skattahóps

*Kristín Ingvarsdóttir*  
Kristín Ingvarsdóttir.